



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á VORÖNN 2018  
MIÐVIKUDAGINN 10. JANÚAR KL.13:15**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**Umsóknir um leyfi**

**Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.**

Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum. **Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.**

**B. Önnur bréf**

**Nemandi óskar eftir að taka stöðupróf í spænsku.** Sent til kennslustjóra í erlendum tungumálum til umsagnar.

**Nemandi óskar eftir að taka stöðupróf í ensku.** Sent til kennslustjóra í ensku til umsagnar.

**Nemandi óskar eftir að taka stöðupróf í pólsku og undanþágu í dönsku.** Vísað til skólameistar til afgreiðslu.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Nemendafélagskortin komin til nemenda. Árhátíðarundirbúningur gengur vel. Framundan er Gettu betur 11.01, Jarmið 25.01, skíðaferð 7.-9. mars og stefnt er á að halda lokaball 12. apríl. Kosningar NFFG verða svo 21.-27. apríl.

**3. Önnur mál**

Umræða skapaðist um leyfisveitingar og rætt var um að senda fjölpóst á foreldra þar sem ítrekað er hve slæm áhrif löng fjarvera frá námi getur haft á námsárangur. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breytingar á dimissionkvöldi útskriftarnemenda í vor.

**Fundinn sátu:**

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Dagný H. Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi

Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara

Finnbogi Jakobsson fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Petrún B. Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Rebekka Þurý Pétursdóttirfulltrúi NFFG

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi